

Tímalína byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

| Dagsetning / ártal | Áfangi | Athugasemd |
|------------------------------------|---|---|
| 15.12.2005 | Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 fyrir Suðvesturland skv. lögum nr. 55/2003 var staðfest. Settar fram hugmyndir um mögulegar leiðir til að draga úr urðun lífræns úrgangs svo sem með brennslu, jarðgerð eða gasgerð. | Ítarleg töluleg greining á magni úrgangs og spá um þróun hans fram til 2020. Greining á þeim vanda sem við blasti í meðhöndlun úrgangs |
| 1.2. 2006 1.5.2006 1.11.2006 | Óskað eftir samstarfsaðilum til skoðunar á mismunandi tæknilausnum. Samið við Rambøll um sorpbrennslu, Línuhönnun og Sweco um gasgerð og Environice og Almennu verkfræðistofuna um jarðgerð. Stuðull verkfræði og jarðfræðipjónusta leitaði að urðunarstöðum á Suðvesturlandi. VGK annaðist verkefnastjórn. Skýrslum skilað í nóvember. | Víðtæk skoðun á mismunandi gerðum og stærðum lausna og staðsetninga. Páll Jensson, prófessor, var fenginn til að gera líkan til að lágmarka akstur og kostnað við meðhöndlun úrgangs. |
| 1.5.2007 | Skýrsla var gerð um niðurstöðu ráðgjafa um meðhöndlun lífræns úrgangs og urðunarstaði, stærðir og staðsetningu meðhöndlunarstöðva. | Hagkvæmasti kosturinn var talinn Aikan stöð frá Solum í Danmörku, staðsett í Álfsnesi. |
| 1.11.2009 | Endurskoðuð svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020 staðfest. | Endurskoðun magntalna. Aðgerðaráætlun í nokkrum liðum. Skilgreind voru verkefni m.a. gasgerð og jarðgerð. Tilteknir staðir til urðunar skoðaðir frekar. |
| 6.1.2012 | Í kjölfar hrunsins var talsverður samdráttur í magni úrgangs og svæðisáætlunin endurskoðuð og verkefnum frestað. | Minnisblað um magn úrgangs sýndi 40% samdrátt í magni eftir hrunið. |
| 25.10.2013 | Eigendasamkomulag sem m.a. fól í sér byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar m.a. sem mótvægi við kvartanir vegna lykta í Leirvogstungu | Mikil áhersla lögð á að flýta aðgerðum |
| Nóvember 2013 – október 2014 | Unnið að samningsgerð við Aikan í samstarfi við Innkaupaskrifstofu og embætti borgarlögmans | Samningur við Aikan gekk út á tæknilausn fyrirtækisins, ekki neinar byggingar eða tækjakaup |
| 9.10.2014 | Íslenska gámafélagið kærir þá niðurstöðu SORPU að bjóða ekki út tæknilausnina | Samningsgerð stöðvuð að kröfu kærunefndar útboðsmála (KNÚ) |
| 11.3.2015 | Munnlegur málflutningur fyrir KNÚ | |
| 20.3.2015 | Niðurstaða kærunefndar útboðsmála að SORPU bæri að bjóða út tæknilausnina | |
| Mars 2015- desember 2015 | Unnið að gerð ítarlegri þarfagreiningar, forvalsgagna og útboðsgagna (viðbótargagna), í samráði við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og embætti borgarlögmans | Fyrir valinu verða samkeppnisviðræður |
| 18.7.2015 | Forval um þátttöku í samkeppnisviðræðum um tæknilausn fyrir meðhöndlun heimilisúrgangs auglýst á EES | |

| | | |
|--------------|--|--|
| 27.8.2015 | Umsóknir um þátttöku opnaðar | Þátttökutilkynningar berast frá þremur aðilum, HAASE, BTA og Aikan/Solum. Þátttökutilkynning frá Xergi A/S berst að loknum tímafresti og er ekki opnuð. Upprunalegur kærandi skilar ekki inn tilboði |
| 6.10.2015 | Ný kæra fyrir kærunefnd útboðsmála vegna þess sem skilaði of seint | |
| 21.12.2015 | Niðurstaða kærunefndar að vísa kærinni frá | Þrjár aðilar eftir sem löglega geta boðið |
| 1.2.2016 | Fyrsta umferð samkeppnisviðræðna þar sem tveir aðilar skila tillögu / einn skilar of seint | Ekki verða kærur að þessu sinni en þá ljóst að einungis tveir aðilar eru eftir, annars vegar Aikan/Solum og hins vegar BTA |
| 20.6.2016 | Opnun tilboða í tæknilausn – Lokatillaga frá bjóðendum | Tilboð berast frá Aikan/Solum og BTA |
| 15.7.2016 | Niðurstaða samkeppnisviðræðna að hagstæðasta tilboð er frá Aikan. Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Aikan/Solum. | |
| 30.7.2016 | LOA sent Aikan/Solum | Samningsgerð hefst |
| 2.8.2016 | BTA kærir niðurstöðu samkeppnisviðræðnanna til kærunefndar útboðsmála. | Kæra berst eftir að biðtími samningsgerðar er liðinn. Samningsgerð ekki stöðvuð |
| 11.11.2016 | Kærunefnd útboðsmála hafnar kröfu BTA. | |
| 16. des 2016 | Formlega skrifað undir samning við Aikan um tæknilausnina | Hafinn undirbúningur að útboði vegna byggingar stöðvarinnar |
| 14.6.2017 | Samkeppni um útlit stöðvarinnar haldin. Þremur arkitektastofum boðin þátttaka. | Þrjár tillögur bárust um útlit stöðvarinnar, ein frá hvorum aðila |
| 16.8.2017 | Stjórn SORPU velur tillögu Batterís arkitekta um útlit stöðvar. | |
| 4.11.2017 | Opið útboð á evrópska efnahagssvæðinu um byggingu og deilihönnun stöðvarinnar, í samráði við Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og embætti borgarlögmans | Alls sóttu 20 aðilar gögn |
| 21.12.2017 | Reykjavíkurborg úthlutar SORPU lóð undir gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi | |
| 23.1.2018 | Tilboð í byggingu stöðvarinnar opnuð, alls bárust 4 tilboð | Tilboð bárust frá ÍAV, Ístaki, Munck og Mannverki |
| 21.2.2018 | Öllum tilboðum hafnað þar sem þau voru nokkuð yfir viðmiðunarmörkum kaupanda (SORPU og sveitarfélaganna). Lægsta tilboð frá ÍAV | Verkefnið var endurskilgreint með það að markmiði að leita leiða til að draga úr kostnaði. Þeim sem upphaflega skiluðu tilboði var boðið að taka þátt í samningskaupum um verkið. |
| 17.4.2018 | Tilboð opnuð, nú er Ístak lægst | Gengið að tilboði Ístak, samningsgerð hefst |
| 18.5.2018 | Reykjavíkurborg samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis. | |
| 12.6.2018 | Reykjavíkurborg klárar pappíra vegna lóðar | Lóðaruppdráttur fer í þinglýsingu. Þegar uppdrátti hefur verið þinglýst er hægt að gefa út byggingarleyfi. Fyrr ekki hægt að hefja byggingu stöðvarinnar |
| 17.7.2018 | Verksamningur við Ístak undirritaður | Verklök áætluð 20.1.2020. |

| | | |
|------------|---|---|
| 21.8.2018 | Reykjavíkurborg samþykkir að gefa út takmarkað byggingarleyfi fyrir aðstöðusköpun og jarðvinnu. | |
| Ágúst 2018 | Ístak hefur vinnu við aðstöðusköpun og jarðvinnu | |
| 9.10.2018 | Reykjavíkurborg gefur út byggingarleyfi | |
| 9.10.2018 | Ístak hefur vinnu við uppsteypu | Verktaki áætlað að skila verkinu 15.02.2020 vegna tafa við útgáfu á byggingarleyfi. |